

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 28. júní 1990

um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað  
(sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)

(90/394/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup>, sem gerð var í samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

í samvinnu við Evrópuþingið<sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með tilskipunum, samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betur öryggi og heilsu starfsmanna.

Samkvæmt téðri grein ber að forðast í slíkum tilskipunum að setja stjórnunarlegar, fjárhagslegar og lagalegar skorður sem hindra myndu stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í ályktun ráðsins frá 27. febrúar 1984 um aðra áætlun Evrópubandalaganna um aðgerðir er varða öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum<sup>(4)</sup> er kveðið á um forvarnir fyrir starfsmenn sem verða fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 34, 8. 2. 1988, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 158, 26. 6. 1989, bls. 121 og Stjtið. EB nr. C 149, 18. 6. 1990.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 208, 8. 8. 1988, bls. 43.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 67, 8. 3. 1984, bls. 2.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun þá er varðar öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum<sup>(5)</sup> er kveðið á um samþykkt tilskipana sem ætlað er að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

Til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna er brýnt að farið sé að lágmarkskröfum þeim sem ætlað er að tryggja betur öryggi og hollustu með því að veita starfsmönnum vernd gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustöðum.

Tilskipun þessi er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum<sup>(6)</sup>. Því er hægt að beita til fulls ákvæðum nefndrar tilskipunar þegar starfsmenn verða fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum, án þess að það brjóti í bága við strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem í þessari tilskipun felast.

Í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna<sup>(7)</sup>, eins og henn var síðast breytt með tilskipun 88/490/EBE<sup>(8)</sup>, er að finna lista yfir hættuleg efni, ásamt upplýsingum um tilhögun þá er fara ber eftir í sambandi við flokkun og merkingu á hverju efni fyrir sig.

Í tilskipun ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðild-

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. 196, 16. 8. 1967, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB nr. L 259, 19. 9. 1988, bls. 1.

arríkjanna varðandi flokkun, þökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/178/EBE <sup>(2)</sup>, er að finna nánari upplýsingar um flokkun og merkingu á slíkum efnablöndum.

Með áætlun um aðgerðir frá 1987 til 1989, sem samþykkt var samkvæmt áætluninni „Evrópa gegn krabbameini“, er veittur styrkur til rannsókna í Evrópulöndum á hættu á krabbameini af völdum tiltekinna efna.

Þó að vísindaleg þekking sé um þessar mundir ekki næg til að unnt sé að setja tiltekið lágmark og fullyrða að neðan þeirra sé heilsu manna engin hættu búin, mun hættan samt sem áður minnka ef dregið er úr því að fólk verði fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum.

Í því skyni að draga úr áhættunni ætti að setja viðmiðunarmörk og önnur tengd ákvæði fyrir alla krabbameinsvalda sem nægar upplýsingar eru til um, þar með talin vísinda- og tæknileg gögn.

Gera verður forvarnarráðstafanir til að vernda öryggi og heilsu starfsmanna sem verða fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum.

Með tilskipun þessari eru gerðar sérstakar kröfur sem eiga við þegar menn verða fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum.

Tilskipun þessi er skref í þá átt að gera hina félagslegu hlið innra markaðarins að veruleika.

Samkvæmt ákvörðun 74/325/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1985, skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum þegar hún semur tillögur á þessu sviði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. ÞÁTTUR

### ALMENN ÁKVÆÐI

*1. gr.*

#### Markmið

1. Markmið með tilskipun þessari, sem er sjötta sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE, er að vernda starfsmenn gegn hættu sem ógnað getur öryggi þeirra eða heilsu, og þar með að koma í veg fyrir hættu sem að þeim steðjar eða kann að steðja að þeim vegna þess að þeir verða fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum á vinnustöðum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 64, 8. 3. 1989, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 185, 9. 7. 1974, bls. 15.

Með henni eru gerðar lágmarkskröfur á þessu sviði en í því felst að sett eru viðmiðunarmörk.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um starfsmenn sem einungis verða fyrir geislun og stofnsáttmáli Kjarnorkubandalags Evrópu nær yfir.

3. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu á öllum sviðum sem um er rætt í 1. mgr., sbr. þó þrengri og/eða sérhæfðari ákvæði sem þessi tilskipun felur í sér.

*2. gr.*

#### Skilgreining

Í tilskipun þessari merkir hugtakið „krabbameinsvaldur“:

- efni sem fengið hefur áhættumerkinguna R 45 (getur valdið krabbameini) í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE;
- efnablöndu sem merkja skal með áhættumerkingunni R 45 (getur valdið krabbameini) samkvæmt j-lið 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 88/379/EBE;
- efni, efnablöndu eða vinnslu sem um getur í I. viðauka, sem og efni eða efnablöndu sem leysist úr læðingi við vinnslu af því tagi sem um getur í I. viðauka.

*3. gr.*

#### Gildissvið — Ákvörðun og mat á hættu

1. Tilskipun þessi gildir um starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum í starfi.

2. Þegar líklegt er að starfsemi hafi í för með sér hættu af krabbameinsvöldum þarf ætíð að ákvarða eðli og stig áhrifanna og hve lengi starfsmenn verða fyrir þeim, til að gerlegt sé að meta hvaða hættu er búin heilsu og öryggi starfsmanna og ákveða til hvaða ráðstafana á að grípa.

Matið verður að fara fram með reglubundnu millibili og ætíð ef breyting verður á þeim aðstæðum sem geta skipt máli varðandi áhrifin sem starfsmenn verða fyrir vegna krabbameinsvalda.

Vinnuveitanda er skylt að láta ábyrgum yfirvöldum í té upplýsingar sem liggja að baki téðu mati, fari þau fram á það.

3. Þegar áhættan er metin skal enn fremur hafa í huga öll önnur umtalsverð áhrif, t.d. áhrif er geta verið skadleg fyrir húðina.

4. Við mat það sem um getur í 2. mgr. ber vinnuveitanda að huga sérstaklega að áhrifum á heilsu eða öryggi sérstakra áhættuhópa, og skal hann meðal annars taka mið af því að

æskilegt er að þeir, sem til slíkra áhættuhópa teljast, séu ekki við vinnu þar sem þeir kunna að komast í snertingu við krabbameinsvalda.

## II. ÞÁTTUR

### SKYLDUR VINNUVEITENDA

#### 4. gr.

#### Dregið úr notkun efna eða önnur notuð í staðinn

1. Vinnuveitandi skal draga úr notkun krabbameinsvalda á vinnustað, meðal annars með því að nota þess í stað, eftir því sem er tæknilega raunhæft, efni, efnablöndu eða vinnslu, sem við þær aðstæður er ekki hættulegt eða er síður hættulegt heilsu starfsmanna eða öryggi, eftir því sem við á.
2. Vinnuveitanda ber að leggja niðurstöður athugana sinna fyrir hlutaðeigandi yfirvöld, sé farið fram á það.

#### 5. gr.

#### Komið í veg fyrir áhrif og dregið úr þeim

1. Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 2. mgr. 3. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hættu búin verður að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir áhrifunum.
2. Sé ekki tæknilega raunhæft að nota í stað krabbameinsvalds efni, efnablöndu eða vinnslu, sem við þær aðstæður er ekki hættulegt eða er síður hættulegt heilsu eða öryggi starfsmanna, skal vinnuveitandi tryggja að krabbameinsvaldurinn sé framleiddur og notaður í lokuðu kerfi að svo miklu leyti sem það er tæknilega raunhæft.
3. Ef lokað kerfi er ekki tæknilega raunhæft skal vinnuveitandi tryggja að starfsmenn verði fyrir eins litlum áhrifum efna og er tæknilega raunhæft.
4. Hvenær sem krabbameinsvaldar eru notaðir skal vinnuveitandi gera allar þær ráðstafanir sem hér fara á eftir:
  - a) takmarka magn krabbameinsvalda á vinnustað;
  - b) sjá til þess að sem fæstir starfsmenn verði fyrir áhrifum eða kunni að verða fyrir áhrifum af efnunum;
  - c) haga vinnu og tæknilegu eftirliti þannig að komist sé hjá því að krabbameinsvaldar berist út á vinnustað, eða slíku sé haldið í lágmarki;

- d) fjarlægja krabbameinsvalda þar sem þeir eiga upp-tök sín, með soghreinsibúnaði á staðnum eða almennri loftræstingu, með þeim hætti sem við á og sem samræmist nauðsyn þess að vernda heilsu almennings og umhverfið;
- e) nota tiltækar aðferðir sem við eiga til að mæla krabbameinsvalda, einkum til að uppgötva í tíma ef starfsmenn verða fyrir óeðlilegum áhrifum af völdum ófyrirsjáanlegs atburðar eða slyss;
- f) beita starfsháttum og vinnuaðferðum sem við eiga;
- g) gera ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt og/eða, sé ekki með öðrum ráðum hægt að komast hjá því að þeir verði fyrir áhrifum, ráðstafanir til að vernda einstaklinga;
- h) gera hreinlætisráðstafanir, einkum að sjá til þess að gólf, veggir og aðrir fletir séu þrífir reglulega;
- i) veita starfsmönnum fræðslu um þessi mál;
- j) hafa hættusvæði afmörkuð og viðvörunar- og öryggisskilti fullnægjandi, þar á meðal skilti um bann við reykingum á stöðum þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum;
- k) gera áætlanir um viðbrögð í neyðartilvikum er leitt geta til þess að menn verði fyrir óeðlilega miklum áhrifum;
- l) að sjá til þess að geymsla, meðhöndlun og flutningur sé með öruggum hætti, einkum með því að notuð séu þétt flát sem eru greinilega og áberandi merkt;
- m) að sjá til þess að starfsmenn safni saman úrgangi, geymi hann og fargi honum á öruggan hátt, þar á meðal að notuð séu þétt flát sem eru greinilega og áberandi merkt.

#### 6. gr.

#### Upplýsingar til lögbærra yfirvalda

Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 2. mgr. 3. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hættu búin, ber vinnuveitendum, ef farið er fram á það, að veita lögbærum yfirvöldum viðeigandi upplýsingar um:

- a) þá starfsemi og/eða iðnað sem um er að ræða, þar með taldar ástæður þess að krabbameinsvaldar eru notaðir;
- b) magn af efnum eða efnablöndum sem framleiddar eru eða notaðar og innihalda krabbameinsvalda;
- c) hve margir starfsmenn verða fyrir áhrifunum;
- d) hvaða forvarnarráðstafanir eru gerðar;
- e) hvaða gerðir persónuhlífa eru notaðar;
- f) eðli og umfang áhrifanna;
- g) hvar unnt væri að nota önnur efni í staðinn.

## 7. gr.

**Ófyrirséð áhrif**

1. Ef ófyrirsjáanlegt atvik eða slys verður, þannig að líklegt er að starfsmenn verði fyrir óeðlilegum áhrifum er vinnuveitanda skylt að upplýsa þá um það.
2. Þar til eðlilegt ástand er aftur komið á og komist hefur verið fyrir orsakir áhrifanna:
  - a) er einungis þeim starfsmönnum, sem nauðsyn ber til að starfi að viðgerðum og öðrum nauðsynlegum verkefnum, heimilt að vinna á svæðinu sem um ræðir;
  - b) er skylt að sjá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir hlífðarfatnaði og öndunargrímum sem þeim er gert að bera. Óheimilt er að láta starfsmenn verða fyrir áhrifunum lengi í einu og skal hver þeirra ekki verða fyrir henni lengur en komist verður hjá;
  - c) skal óvörðum starfsmönnum ekki leyft að vinna á svæðinu sem um ræðir.

## 8. gr.

**Fyrirsjáanleg áhrif**

1. Við tiltekin verk á borð við viðhald, þar sem búast má við að starfsmenn verði fyrir verulega meiri áhrifum en ella og þar sem gripið hefur verið til allra tiltækra, tæknilegra forvarnarráðstafana til að þeir verði fyrir sem minnstum áhrifum, ber vinnuveitanda, að höfðu samráði við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra, en án þess að það skerði ábyrgð vinnuveitandans, að ákvarða hvaða ráðstafanir þarf að gera til að starfsmenn verði fyrir áhrifunum í sem allra skemmstan tíma og þeim sé tryggð vernd á meðan þeir eru að fást við verkin.

Samkvæmt fyrstu undirgrein er skylt að sjá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir hlífðarfatnaði og öndunargrímum sem þeim er gert að bera meðan þeir verða fyrir óeðlilegum áhrifum. Óheimilt er að láta starfsmenn verða fyrir áhrifunum lengi í einu og skal hver þeirra ekki verða fyrir henni lengur en komist verður hjá.

2. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að svæði þau þar sem verkin sem nefnd eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. eru unnin, séu greinilega afmörkuð og auðkennd eða að komið sé í veg fyrir með öðru móti að aðrir hafi aðgang að svæðunum en þeir sem til þess hafa heimild.

## 9. gr.

**Aðgangur að hættusvæðum**

Vinnuveitendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ekki hafi aðrir aðgang að svæðunum, þar sem niðurstöður matsins sem getið er í 2. mgr. 3. gr. gefa til

kynda að öryggi eða heilsu starfsmanna sé hætta búin, heldur en starfsmenn þeir sem vegna vinnu sinnar eða verkefna þurfa um þau að fara.

## 10. gr.

**Hreinlæti og vernd einstakra starfsmanna**

1. Við hvers kyns starfsemi sem hefur í för með sér hættu á áhrifum af krabbameinsvöldum ber að skylda vinnuveitendur til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja:
  - a) að starfsmenn neyti ekki matar eða drykkjar og reyki ekki á vinnusvæðum þar sem hætta er á áhrifum af krabbameinsvöldum;
  - b) að starfsmönnum sé séð fyrir hlífðarfatnaði eða öðrum sérstökum fatnaði við hæfi, að aðskildar geymslur séu ætlaðar fyrir vinnu- eða hlífðarföt, svo og venjuleg ígangsklæði;
  - c) að starfsmönnum sé séð fyrir nægri og viðeigandi þvotta- og salernisaðstöðu;
  - d) að hlífur séu geymdar á réttan hátt á vísu stað, þær séu athugaðar og þrífnaðar, fyrir notkun ef það er unnt og skilyrðislaust eftir að þær hafa verið notaðar, gert sé við bilaðar hlífur eða skipt um þær áður en þær eru notaðar frekar.
2. Kostnaður af ráðstöfunum þessum má ekki leggjast á starfsmenn.

## 11. gr.

**Upplýsingar fyrir starfsmenn og þjálfun þeirra**

1. Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins fái næga og viðeigandi þjálfun, sem byggist á öllum tiltækum upplýsingum, einkum upplýsingum og leiðbeiningum um:
  - a) hugsanlegt heilsutjón, þar á meðal aukna hættu vegna tóbaksnotkunar;
  - b) varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir áhrifum;
  - c) hreinlætiskröfur;
  - d) notkun hlífa og hlífðarfatnaðar;
  - e) ráðstafanir sem starfsmönnum, að meðtöldum björgunarmönnum, ber að gera ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir þau.

Þjálfun þessi skal:

13. gr.

- löguð að nýrri eða breyttri áhættu og
- endurtekin reglulega ef þörf er á.

2. Vinnuveitendum er skylt að upplýsa starfsmenn um búnað og ílát sem innihalda krabbameinsvalda, tryggja að öll ílát, umbúðir og búnaður sem inniheldur krabbameinsvalda sé greinilega og áberandi merktur, og að setja upp viðvörðunarskilti sem sjást greinilega.

12. gr.

### Upplýsingar til starfsmanna

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

- a) starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar geti fylgst með því hvort farið sé að tilskipun þessari eða séu hafðir með í ráðum við framkvæmd hennar, einkum með tilliti til:
  - i) þess hvaða afleiðingar val og notkun hlífðarfatnaðar og hlífa hefur á öryggi og heilsu starfsmanna, en án þess að það skerði ábyrgð vinnuveitanda á því að ákvarða gagnsemi hlífðarfatnaðarins og hlífanna;
  - ii) þeirra ráðstafana sem vinnuveitandi gerir og nefndar eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 8. gr., en án þess að það skerði ábyrgð vinnuveitanda á því að ákveða slíkar ráðstafanir;
- b) starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar fái vitneskju um það ef menn verða fyrir óeðlilegum áhrifum, þar með talin áhrif af því tagi sem um getur í 8. gr., eins skjótt og framast er unnt, svo og um orsakir hennar og ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða verða gerðar til að ráða bót á ástandinu ef upplýsingar þar um eru fyrir hendi;
- c) vinnuveitandi haldi skrá yfir starfsmenn er vinna verk sem matið, sem nefnt er í 2. mgr. 3. gr., leiðir í ljós að eru hættuleg heilsu eða öryggi, og skulu áhrifin, sem þeir hafa orðið fyrir, tilgreind í skránni;
- d) lækni og/eða lögbær yfirvöld, sem og allir aðrir sem ábyrgð bera á hollustu og öryggi á vinnustöðum, hafi aðgang að skrá þeirri sem getið er um í c-lið;
- e) hver starfsmaður hafi aðgang að þeim upplýsingum í skránni er varða hann sérstaklega;
- f) starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar hafi aðgang að sameiginlegum upplýsingum sem ekki tengjast einstaklingum.

### Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð í samræmi við 11. grein tilskipunar 89/391/EBE á því sviði sem tilskipun þessi tekur til, að viðaukum meðtöldum.

III. ÞÁTTUR

### ÝMIS ÁKVÆÐI

14. gr.

### Heilsuverndareftirlit

1. Aðildarríki skulu, í samræmi við landslög og/eða venjur, skipuleggja framkvæmd viðeigandi heilsuverndareftirlits fyrir þá starfsmenn sem matið, sem nefnt er í 2. mgr. 3. gr., leiðir í ljós að búa við hættu gagnvart heilsu eða öryggi.

2. Skipulagið sem nefnt er í 1. mgr. skal vera á þann veg að hver starfsmaður geti, þegar við á, gengist undir viðeigandi heilsuverndareftirlit:

— áður en hann hefur störf þar sem hann verður fyrir áhrifum,

— með reglulegu millibili eftir það.

Skipulagið skal vera á þann veg að án tafar sé hægt að gera hreinlætisráðstafanir er varða einstaklinga og vinnustaðinn.

3. Ef eitthvað óeðlilegt hrjái starfsmann, og grunur leikur á að það stafi af því að hann hafi orðið fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum, er lækni eða lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á heilsuverndareftirliti með starfsmönnum, heimilt að krefjast þess að aðrir starfsmenn sem hafa unnið við sömu aðstæður gangist undir heilsuverndareftirlit.

Í þessum tilvikum ber að endurmeta hættu vegna áhrifa í samræmi við 2. mgr. 3. gr.

4. Við framkvæmd heilsuverndareftirlits skal rita skýrslu um heilsufarssögu einstaklings og ber lækni eða lögbærum yfirvöldum, sem ábyrgð bera á heilsuverndareftirliti, að leggja fram tillögur um til hvaða verndar- eða forvarnaráðstafana skuli gripið með tilliti til einstakra starfsmanna.

5. Veita ber starfsmönnum upplýsingar og ráð um heilsuverndareftirlit sem þeir eiga kost á þegar þeir eru verða ekki lengur fyrir áhrifunum.

6. Í samræmi við landslög og/eða venjur:

- skulu starfsmenn hafa aðgang að niðurstöðum heilsuverndareftirlits er varðar þá sjálfa,
- er hlutaðeigandi starfsmönnum eða vinnuveitanda heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsuverndareftirlits verði endurskoðaðar.

7. Tillögur um framkvæmd heilsuverndareftirlits með starfsmönnum eru lagðar fram í II. viðauka.

8. Tilkynna ber lögbærum yfirvöldum um öll krabbameinstilfelli sem í samræmi við landslög og/eða venjur eru álitin stafa af áhrifum af krabbameinsvaldi á vinnustað.

15. gr.

#### Varðveisla skráa

1. Geyma ber skrána sem um getur í c-lið 12. gr. og skýrslurnar um heilsufarssögu einstaklinga, sem nefndar eru í 4. mgr. 14. gr., í 40 ár hið minnsta eftir að starfsmaður verður ekki lengur fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum, í samræmi við landslög og/eða venjur.

2. Sé starfsemi fyrirtækisins lögð niður skal veita ábyrgum yfirvöldum aðgang að skjölum þessum, í samræmi við landslög og/eða venjur.

16. gr.

#### Viðmiðunarmörk

1. Á grundvelli tiltækrar vitneskju, bæði á sviði vísinda og tækni, skal ráðið með tilskipunum, í samræmi við tilhögun þá sem kveðið er á um í 118. gr. a í sáttmálanum, setja viðmiðunarmörk fyrir alla þá krabbameinsvalda sem hægt er og, ef þörf krefur, önnur ákvæði er tengjast þeim beint.

2. Viðmiðunarmörk og önnur ákvæði sem tengjast þeim beint skulu tilgreind í III. viðauka.

17. gr.

#### Viðaukar

1. I. og III. viðauka er einungis heimilt að breyta með tilhögun þeirri sem kveðið er á um í 118. gr. a í sáttmálanum.

2. Breytingar á II. viðauka, af tæknilegum toga einvörðungu, vegna tækniframfara og breytinga á alþjóðlegum reglum og kröfum, eða þekkingar er snertir krabbameinsvalda, skal samþykkja í samræmi við tilhögun þá sem kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

18. gr.

#### Notkun gagna

Veita skal framkvæmdastjórninni aðgang að niðurstöðum sem lögbær yfirvöld einstakra ríkja hafa fengið á grundvelli gagnanna sem um getur í 8. mgr. 14. gr.

19. gr.

#### Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1992.

Ef tilskipunum 67/548/EBE og 88/379/EBE er breytt með breytingatilskipunum, varðandi þau efni eða efnablöndur sem um getur í a- og b-liðum 2. gr., eftir að tilskipun þessi hefur verið birt, skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að koma breytingum þessum inn í ákvæði þau sem nefnd eru í fyrstu undirgrein, innan þeirra tímamarka sem framkvæmd slíkra breytingatilskipana eru sett.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um samþykkt ákvæða sem um er fjallað í þessari málsgrein.

2. Aðildarríkin skulu skýra framkvæmdastjórninni frá texta helstu ákvæða úr þeim lögum sem sett eru eða hafa þegar verið sett á því sviði sem þessi tilskipun nær til.

20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 28. júní 1990.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. GEOGHEGAN-QUINN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI***Skrá um efni, efnablöndur og vinnsluferli***(c-liður 2. gr.)*

1. Áramínframleiðsla.
2. Störf þar sem menn geta orðið fyrir áhrifum af arómatískum fjölhringa kolvetnum úr sóti, tjöru, biki, reyk eða steinkolaryki.
3. Störf þar sem menn geta orðið fyrir áhrifum af ryki, reyk eða gufum sem myndast við glæðingu og rafgreiningu á nikkelgrýti.
4. Framleiðsla á ísoprópanóli þar sem sterk sýra er notuð.

*II. VIÐAUKI***Hagnýt ráð um framkvæmd heilsuverndareftirlits með starfsmönnum***(7. mgr. 14. gr.)*

1. Læknir og/eða yfirvald sem ber ábyrgð á heilsuverndareftirliti með starfsmönnum sem geta orðið fyrir áhrifum af krabbameinsvöldum skal hafa þekkingu á aðstæðum og aðstöðu hvers þeirra.
2. Heilsuverndareftirlit með starfsmönnum skal framkvæmt í samræmi við reglur og venjur í atvinnusjúkdómafræðinnar, og skal að minnsta kosti fela í sér eftirtalið:
  - að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns,
  - persónulegt viðtal,
  - líffræðilegar mælingar, eftir því sem við á, og að veitt sé athygli þeim áhrifum sem koma fram snemma eða geta gengið til baka.Ákveða má frekari prófanir fyrir hvern starfsmann sem er undir heilsuverndareftirliti, í ljósi nýjustu þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði á hverjum tíma.

*III. VIÐAUKI***Viðmiðunarmörk og önnur ákvæði sem tengjast þeim beint***(16. gr.)*

- A. Viðmiðunarmörk  
Í undirbúningi
- B. Önnur ákvæði sem beina þýðingu hafa  
Í undirbúningi